

Heimilistrygging

Vátryggjandi; Alpha Insurance A/S Kaupmannahöfn,
Umboð; Alþjóða vátryggingaumboðið ehf.,
Hverfisgötu 46, s. 444-3400.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Almennt:

Þessi vátrygging er samansett úr fjórum vátryggingum.

- 1. Innbústrygging:** vátryggir innbú fyrir meiriháttar tjónsáhættum, s.s. bruna-, vatns- og innbrotstjóni.
- 2. Ábyrgðartrygging:** vátryggir heimilismenn fyrir þeirri skaðabótaskyldu sem þeir geta bakað sér samkvæmt íslenskum lögum sem einstaklingar.
- 3. Frítímaslysstrygging:** vátryggir heimilismenn fyrir slysum í frítíma sínum og innifelur örorku- og dánarbætur.
- 4. Innbús-kaskó:** er valkvæð viðbót við heimilistrygginguna sem vátryggir skyndileg og ófyrirséð óhöpp á vátrygðu innbúi sem ekki eru bótaskyld í innbústryggingarhlutanum.

Vátryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar vátryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern vátryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli.

Vátryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni þessa skilmála og vátryggingarskírteinis. Ef misræmi eða villa kemur fram í þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma í veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

Félagið: Merkir **ALPHA Insurance A/S – Harbour House, Storskovsgade 21, Kaupmannahöfn.**

Vátryggingartaki: Sá einstaklingur sem tekur vátrygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

Vátryggðir: Vátryggingartaki og heimilisfólk hans.

Heimili: Sá staður sem gefinn er upp í vátryggingarskírteini og er jafnframt lögheimili vátryggingartaka og heimilisfólks hans.

Innbú: Lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem vátryggðir myndu taka með sér ef þeir flyttu á milli staða. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki sem og hlutir sem tengjast þeim telst ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.

Vátryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á vátryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern vátryggingarlið fyrir sig.

Mikilvægt:

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef vátryggingartaki eða vátryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyld í skilmálanum þá nær vátryggingin ekki yfir það.

Þegar iðgjald er greitt af þessari vátryggingu er jafnframt greitt viðlagatryggingargjald. Lausafjármunir þeir sem vátryggingin nær yfir verða þá sjálfkrafa vátryggðir fyrir náttúruhamförum, s.s. jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á í lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands.

1. kafli. Innbústrygging

1. gr. Hvaða eignir eru vátryggðar?

Innbústryggingin tekur til innbús í eigu vátryggðra sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er í vátryggingarskírteini. Um innbú sem staðsett er utan heimilis eru ákvæði í 3. gr. þessa kafla. Innbústryggingin gildir aðeins á Íslandi.

2. gr. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum:

1. Eldsvoða, eldingar og sprengingar.

2. Sótfalls, sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði. Ekki er bætt tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smá saman við notkun.

3. Slökkvi- og björgunaraðgerða og nauðsynlegs flutnings í sambandi við bótaskyld tjón, svo og ef munir glatast við þá atburði.

4. Skemmda af völdum vatns, olíu og gufu, sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins og eiga upptök sín innan veggja hússins. Einnig eru bætt tjón sem verða ef vatn streymir óvænt og skyndilega frá vatnsrúmmum eða fiskabúrum vegna bilana. Tryggingin bætir þó ekki tjón sem verða ef vatn streymir óvænt eða skyndilega frá niðurföllum eða þakrennum. Einnig bætast vatnstjón, sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum, svo og tjón vegna leka frá frystikistum og kælikápum. Varúðarregla: Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt víðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.

5. Yfirborðsvatns, sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns bætast ekki. Varúðarregla: Vátryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka;

6. Innbrota í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkalofftar. Vátryggingin bætir jafnframt innbrotsþjófnað í sumarhús, hjólhúsi og veiðihús þegar búið er í þeim. Hámarksbætur í hverju innbrotstjóni í bifreið, einkabát og einkalofftar, bílskúr og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af vátryggingarfjárhæð innbúsins, þó eru hámarksbætur vegna þjófnaðar á geisladiskum 1% af vátryggingarfjárhæðinni. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;

Varúðarregla: Læsa ber tryggilega íbúðarhúsinu, bílum og öðrum þeim stöðum sem vátrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannláusir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

7. Þjófnaðar úr ólæstri íbúð, þó ekki peninga, verðbréf, skartgripi, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Bætur takmarkast við 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;

Varúðarregla: Viðhafa ber eðlilega aðgát við frágang á íbúð. Það telst til dæmis ekki eðlileg aðgát, ef skilið er við ólæsta íbúð mannláusa;

8. Þjófnaðar úr grunnskóla, þó ekki peninga, verðbréf, skartgripi, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Bætur takmarkast við 1% af vátryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.

9. Þjófnaðar á reiðhjól, barnavagni og barnakerru. Hámarksbætur eru 1% af vátryggingarfjárhæð. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni; Varúðarregla: Reiðhjól ber að læsa þegar það er ekki inni í læstu húsnæði og eðlilega aðgát ber að sýna við frágang barnavagns og barnakerru;

10. Ráns, þ.e. töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;

11. Skemmdarverka þ.e. skemmda á vátryggðum munum sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef því er valdið af vátryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi, sem heimild hefur haft til veru á heimili vátryggðs. Tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dýra annars staðar en við heimili vátryggðs bætast ekki. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;

12. Brots eða hruns á innbúi á heimili vátryggðu vegna tilfallandi bilana. Með innbúi er átt við muni, sem fylgja almennu heimilishaldi svo sem húsgögn, málverk, skrautmuni og heimilistæki. Tjón á verkfærum, gleraugum og úrum bætast ekki vegna brots eða hruns. Tjón af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun bætist ekki.

13. Umferðaróhoppa, þ.e. skemmda á innbúi, sem er í ökutæki er lendir í umferðaróhoppi og ekki er bótaskyld úr öðrum vátryggingum. Tjón er verða við búferlaflutninga eða við flutning gegn gjaldi bætist þó ekki.

14. Suðu (ofhitunar) á þvotti í þvottavélum ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlýsingu viðgerðarmanns. Tjón á þvottavélinni sjálfri bætist ekki.

15. Ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Hámarksbætur eru 1% af vátryggingarfjárhæð. Tjón á ísskápnnum eða frystikistunni sjálfri bætast ekki.

2.16 Skammhlaups í rafmagnstækjum. Vátryggingin bætir þó ekki tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára, sem ábyrgð seljanda nær yfir eða sem rekja má til bilundar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu. Varúðarregla: Vátryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiddbeiningar.

17. Skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg fasteignarinnar, þannig að tjón verði á innbúinu. Tjón af völdum snjóflóða eða tjón, sem er afleiðing byggingargalla bætist ekki.

18. Óveðurs, þ.e. skemmda af völdum óveðurs (28,5 m/s eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn varð.

19. Lofffara og hluta, sem frá þeim falla, enda fáist tjónið ekki bætt af tjónvaldi eða váttryggingum hans sbr. 128. laga nr. 60/1998 um loffferðir.

3. gr. Innbú sem staðsett er utan heimilis

Váttryggingin tekur til innbús sem staðsett er utan heimilis um stundarsakir samkvæmt bótasviði 2. gr. þessa kafla. Almennt innbú í sumarbústöðum, lausafé í hesthúsum eða önnur sambærileg verðmæti, sem varanlega eru staðsett annars staðar en á heimilinu, fellur ekki undir þessa váttryggingu. Bætur samkvæmt þessari grein takmarkast við 15% af váttryggingafjárhæðinni. Hægt er að kaupa sérstakar váttryggingar á þær áhættur sem þessi grein undanskilur.

4. gr. Nánari afmörkun váttryggingafjárhæðar – eigin áhætta

4.1 Bætur vegna úra og skartgripa takmarkast við 5% af váttryggingafjárhæð innbúsins hafi þeir ekki verið sérstaklega tilteknir og samþykktir af félaginu við töku váttryggingarinnar.

4.2 Bætur vegna peninga, mynt- og frímerkjasafna, handrita, frumteikninga og hvers kyns verðbréfa takmarkast við 1% af váttryggingafjárhæð, hver liður, hafi þessi verðmæti ekki verið sérstaklega tiltekin og samþykkt af félaginu við töku váttryggingarinnar.

4.3 Bætur vegna verkfæra, áhalda og tækja sem váttryggður á eða hefur í vörslu sinni og notuð eru í atvinnuskyni takmarkast við 5% af váttryggingafjárhæð.

4.4 Bætur vegna innbrots í bifreið, einkalofftar, einkabát eða hjólhýsi takmarkast við 5% af váttryggingafjárhæðinni. Þó takmarkast bætur vegna geisladiska við 0,5% af váttryggingafjárhæð innbúsins.

4.5 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.6 Til innbús skal telja 1 gang af sumar- eða vetrarhjólborðum undir hvern einkabil sem skráður er á váttryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu.

4.7 Váttryggðum er rétt að sértilgreina sérstaklega verðmæta muni við töku váttryggingarinnar. Er þar átt við muni sem almennt séð eru ekki hluti af hefðbundnu, venjulegu innbúi, s.s. verðmæti sem tilgreind eru í lið 4.1 og 4.2., sérstaklega verðmæt listaverk, tölvubúnaður, hljómflytningstæki o.s.frv. Slík sértilgreining útvíkkar ekki bótasvið þessarar váttryggingar en þjónar þeim tilgangi að bæta sönnunarstöðu váttryggðs og einfalda tjónsuppgjör komi til tjóns.

5. gr. Ákvörðun bóta

5.1 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.

5.2 Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.

5.3 Tölvur afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar tölvan er 6 mánaða gömul. Tölvur eldri en fimm ára bætast því ekki.

2. kafli. Ábyrgðatrygging einstaklings

1. gr. Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

2. gr. Landfræðilegt gildissvið ábyrgðartryggingarinnar

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum innan Evrópska efnahagssvæðisins í allt að 90 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

3. gr. Bótasvið ábyrgðartryggingarinnar

3.1 Váttryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á einhvern hinna váttryggðu, samkvæmt íslenskum lögum, sem einstakling enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

3.2 Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar.

3.3 Valdi barn, yngra en 10 ára, tjóni bætir félagið það tjón án tillits til skaðabótaskyldu skv. lögum að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar. Ákvæði þetta á þó eingöngu við ef ungur aldur barnsins er eina ástæða þess að barnið er ekki skaðabótaskyldt. Slík víðtæk

skaðabótaábyrgð á ekki við þegar barn, yngra en 10 ára, er aðili að umferðaróhappi og tjón verður á skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun.

3.4 Vátryggður er kostnaður við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu félagsins

Vátryggingin bætir ekki:

4.1 tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum;

4.2 tjón sem verður vegna atvinnu hinna vátryggðu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra;

4.3 tjón á munum sem hinir vátryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.

Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum sem hinir vátryggðu hafa tekið ófrjálsri hendi;

4.4 skaðabótakröfu sem fellur á vátryggðu sem eigendur eða notendur vegna:

4.4.1 húseigna, loftfara, lystibáta eða hvers kyns skráningarskyldra vélknúinna farartækja;

4.4.2 skotvopna;

4.4.3 hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra;

4.5 skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu;

4.6 sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál;

4.7 endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum sambærilegum stofnunum;

4.8 tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins, ákveðins, óvænts atburðar. Félagið bætir ekki tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vatnsleka.

5. gr. Vátryggingarfjárhæð - vátryggingartímabil - eigin áhætta

5.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist.

5.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

5.3 Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á vátryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar. Vátryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en vátryggingin er tekin.

5.4 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða í endurnýjunarkvittun.

6. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

6.1 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum vátryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna, svo sem viðurkenning á bótaskyldu, að verjast kröfunni eða að gera um hana samkomulag, enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

6.2 Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

3. kafli. Slysatrygging í frítíma

1. gr. Bótasvið

Slysatryggingin greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, samkvæmt nánari ákvæðum í þessum skilmála. Með orðinu "slys" er átt við skyndilegan, utanaðkomandi, óvæntan atburð sem veldur tjóni á líkama hins vátryggða og gerist gegn vilja hans. Slysatryggingin gildir eingöngu í frítíma hins vátryggða, við heimilisstörf eða skólanám. Slysatryggingin greiðir bætur vegna andláts eða varanlegrar örorku einhverra hinna vátryggðu. Landfræðilegt gildissvið vátryggingarinnar er Ísland en hún gildir einnig á ferðalögum erlendis í allt að 90 daga miðað við brottfarardag frá Íslandi.

2. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki:

2.1 slys sem verða í íþróttakeppni eða við æfingar til undirbúnings slíkrar keppni. Undanþága þessi á þó ekki við um börn yngri en 16 ára. Ennfremur á undanþága þessi ekki við um æfingar eða keppni í golfi enda sé um áhugamennsku að ræða;

2.2 slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, teygjustökki, fjallaklifri, bjargsigi eða froskköfun;

2.3 slys sem verður í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlanar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi flugmálayfirvalda;

2.4 slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

2.5 slys sem verður vegna ljósabaða, lækningameðferðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss;

2.6 slys sem verður vegna matareitunar, drykkjareitunar eða neyslu nautnalyfja;

- 2.7 slys af völdum sýkingar af skordýrabiti eða -stungu;
- 2.8 slys vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs;
- 2.9 slys af völdum vélknúns ökutækis sem er skráningar- og váttryggingarskytt á Íslandi. Sé ökutækið erlent gildir þessi undanþága ef samskonar ökutæki væri skráningar- og váttryggingarskytt á Íslandi;
- 2.10 slys af völdum hryðjuverka og þ.m.t. vegna hvers kyns lífræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar svo sem af völdum sýkla og veira.

3. gr. Mat á örorku

- 3.1 Valdi slys, þeim sem váttryggður er, varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirra váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var á slysdegi. Örorku skal meta í hundraðshlutum með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi er á þeim tíma sem örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða.
- 3.2 Engar örorkubætur greiðast sé örorka undir 15%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 275% af grunnupphæð vegna örorkubóta sem getið er í skirteini eða iðgjaldskvittun.
- 3.3 Hafi váttryggður verið með einhverja örorku fyrir töku þessarar slysatryggingar, skal meta nýtt örorkustig með hliðsjón af þeirri örorku sem fyrir var. Örorka getur aldrei talist meira en 100%.
- 3.4 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað en þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 3.5 Ef gera má ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíka meðferð ber samt sem áður við ákvörðun örorkubóta að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- 3.6 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- 3.7 Sé váttryggður eldri en 70 ára skerðast örorkubætur um 20% fyrir hvert ár sem framyfir er. Skerðingin verður þó ekki meiri en 80%.

4. gr. Dánarbætur

- 4.1 Valdi slys dauða þess sem váttryggður er, innan eins árs frá slysdegi, greiðist váttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr. Réttthafi dánarbóta er maki, hvort sem er í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Sé váttryggður barn greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til váttryggðs í þessari váttryggingu, ef þau bæði teljast ekki til váttryggðra. Eigi ekkert af þessu við greiðir félagið dánarbætur til réttthafa samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 4.2 Með hugtakinu óvígð sambúð er átt er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð, eða þá að sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.
- 4.3 Hafi váttryggður engan á framfæri sínu greiðast 25% af váttryggingarfjárhæðinni. Með framfæranda er átt við þann, sem sannanlega hefur barn eða fullorðin einstakling á framfæri sínu.

5. gr. Ráðstafanir vegna slyss

- 5.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 5.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 5.3 Látist sá sem váttryggður er af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.
- 5.4 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða þann sem váttryggður er, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans. Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

6. gr. Tannbrot

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast á hverju ári við 7.5% af grunnváttryggingarfjárhæð örorkubóta. Félagið bætir þó ekki brot á tönnum við vinnuslys eða brot sem ber að höndum þegar váttryggður matast. Ennfremur er það tjón undanskilið sem fellur undir greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 117/1993 og reglugerð nr. 576/2005

4. kafli. Almenn skilyrði

Þessi kafli gildir um alla hluta váttryggingarinnar eftir því sem við á.

1. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur

- 1.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldögum. Félagið sendir

vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.

1.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

1.5 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu vátryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar.

1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

2. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

2.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 19. gr. og 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

2.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leynt atvikum er skipta máli um áhættu félagsins eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. og 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi vátryggðs

4.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings vátryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.

4.2 Valdi vátryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004. Þetta gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

5. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð

5.1 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanager. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. og 93. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Sama gildir ef vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.

5.2 Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamállum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

5.3 Vátryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fái bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt vátryggingarsamningnum.

6. gr. Uppsagnaréttur félagsins

Félagið getur sagt upp vátryggingasamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp vátryggingunni sem og öðrum vátryggingasamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.

6.2 Með viku fyrirvara ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum vátryggingasamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.

6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun vátryggðs hlutar, starfsemi vátryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á vátryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt vátrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf vátryggingatímabilsins.

6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:

6.3.1 Þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;

6.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;

6.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;

6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarbrestur hafi orðið milli váttryggðs og félagsins.

7. gr. Tvíttrygging - undirtrygging - tjón á váttryggingartímabilinu

7.1 Séu hagsmunir þeir sem váttryggðir eru í þessari váttryggingu einnig váttryggðir í annarri váttryggingu hjá félaginu ræður váttryggður hvaða váttrygging greiðir tjónið. Sé í gildi váttryggingarsamningur hjá öðru váttryggingarfélagi greiðir þessi váttrygging hlutfallslegar bætur eftir ábyrgð hvers félags um sig. Þetta ákvæði á ekki við um slysatryggingu í frítíma.

7.2 Sé heildarverðmæti hins váttryggða hærra en váttryggingarfjárhæðin greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur samkvæmt eftirfarandi formúlu: Tjónabætur = Váttryggingarupphæð x Tjónsupphæð
Raunverulegt heildarverðmæti þess sem er váttryggt

7.3 Hafi félagið greitt tjón úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu þá lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

8. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

9. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum. Þá bætir váttryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

10. gr. Vísitala- vextir af tjónskrófum

10.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

10.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskrófu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

11. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingasamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

12. gr. Samsömum

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka/váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.

13. gr. Lög um váttryggingasamninga

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

14. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna og Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. kafli. Innbús-kaskó (valkvæð)

Inngangur

Vátryggingin bætir tjón, samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt innbústryggingarkafli heimilistryggingar en nær ekki til tjóna sem eru bótaskyld samkvæmt þeim kafla, jafnvel þó að fullar bætur fáist ekki greiddar vegna viðkomandi tjóns.

1. gr. Vátryggt

Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi sbr. 1. gr. 1. kafla þessa skilmála um innbústryggingu.

2. gr. Vátryggðir

Vátryggðir eru vátryggingartaki og heimilismenn hans.

3. gr. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir eingöngu á Íslandi og á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

4. gr. Vátryggingin bætir

Vátryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt ákvæðum 1. kafla þessa skilmála um innbústryggingu.

5. gr. Vátryggingin bætir ekki

5.1 Tjón sem verða þegar hið vátryggða gleymist, týnist, misleggst eða er skilið eftir á almannafæri.

5.2 Tjón vegna þjófnaðar úr fellihýsum, tjaldvögnum, tjöldum eða á almannafæri.

5.3 Tjón sem orsakast af snöggum hita-og/eða rakabreytingum.

5.4 Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, ónógs viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.

5.5 Tjón sem rekja má til gæludýra.

5.6 Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.

5.7 Tjón á hlutum sem tilteknir eru í 4. gr. 1. kafla skilmálans um innbústryggingu.

6. gr. Sérstakar afskriftarreglur varðandi tölvur

Tölvur afskrifast samkvæmt reglu í 1. kafla, gr. 5.3.

7. gr. Varúðarreglur

Læsa ber tryggilega heimilinu og öðrum þeim stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

8. gr. Sjálfsábyrgð- hámarksbætur

Sjálfsábyrgð og hámarksbætur vegna innbús-kaskó eru tiltekin á vátryggingarskírteini.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2010